

Sp. 573. Tillaga til þingsályktunar

um sildarmjöl til fóðurbætis.

Flm.: Páll Zóphóniasson, Þorsteinn Þorsteinsson, Ingólfur Jónsson,
Jón Sigurðsson, Páll Hermannsson, Bjarni Ásgeirsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni:

- a. Að ákveða verð á sildarmjöli til fóðurbætis á komandi sumri í samræmi við 12. gr. laga nr. 1 1938.
- b. Að sjá svo um, að haldið verði eftir óseldu og ólofuðu svo miklu af 1. fl. sildarmjöli 30. sept. n. k., að tryggt sé, að dómi Búnaðarfélags Íslands, að ekki verði skortur á sildarmjöli til fóðurbætis veturinn 1943—44.

Greinargerð.

Með tillögu þessari er gert ráð fyrir, að sala sildarmjöls til fóðurbætis færist aftur í það horf, sem hún var í fram að miðju ári 1942. Verð á sildarmjöli til fóðurs var þá ár hvert, í samráði við stjórn sildarverksmiðja ríkisins, ákveðið nokkru lægra en útflutningsverð sildarmjölsins (sbr. lög nr. 1 1938, 12. gr.). Þegar heyskap var lokið og fyrir lá, hve mikið af sildarmjöli hafði verið keypt og pantað 30. sept., fól ríkisstjórnin Búnaðarfélagi Íslands að ákveða, hve miklu sildarmjöli þyrfti að halda eftir til viðbótar til þess að nægur varaforði væri í landinu.

Tillagan gerir ráð fyrir, að sildarmjöl það, sem haldið verður eftir til fóðurbætis, verði eingöngu 1. flokks vara. En undanfarið hefur talsvert borið á því, að sildarmjöl það, sem selt hefur verið innanlands, hafi verið 2. og 3. flokks vara og því mjög lélegt fóður.